



Borgarráð

Nýjir rekstrarsamningar á sviði menningarmála 2024-2026

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 15. desember 2023 voru lagðir fram hjálagðir rekstrarsamningar til þriggja ára við sjálfstætt starfandi aðila í menningarlífi borgarinnar:

- Dansverkstæðið 2024-2026 21,0 mkr.
- Heimili kvikmyndanna ses. /Bíó Paradís 2024-2026 22,0 mkr.
- Kling og Bang 2024-2026 11,3 mkr.
- Nýlistasafnið 2024-2026 21,0 mkr.

Samþykkt samhljóða og vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.

Hjálagt:

Bréf skrifstofustjóra menningarmála

dags. 13.12.2023 varðandi rekstrarsamninga við sjálfstætt starfandi aðila í menningarlífi borgarinnar.



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Borgartúni 14
105 Reykjavík

Hækkun mikilvægra samninga á sviði menningarmála

Á menningar- og íþróttasviði eru í gildi fimm rekstrarsamningar við sjálfstætt starfandi aðila í menningarlífi borgarinnar sem ætlað er að fjármagna verulegan hluta af rekstrarkostnaði, ekki síst vegna húsnæðis. Rekstrarsamningarnir eru fastir samstarfssamningar sem lúta öðrum lögmálum en hefðbundnir samstarfssamningar sem sótt er um í styrkjaþott. Þetta eru samningar þar sem greiðslur eru yfirleitt tíðari og hærri en vegna venjulegra samstarfssamninga. Samningarnir eru ekki vísitölutengdir og hafa staðið í stað um allnokkurt skeið en húsaleigan sem þeim er m.a. ætlað að dekkja er hins vegar vísitölutengd og mikil hækkun húsaleigu, launa og aðfanga hefur valdið því að þessir rekstrarsamningar hafa upp á síðkastið ekki lengur verið sú grunntrygging fyrir rekstrinum eins og þeim er ætlað að vera.

Allir þessir aðilar sem hér um ræðir mynda framhlið menningarlífsins í borginni þegar kemur að grasrótinni og sjálfstæðu senunni en um er að ræða listamannarekin rými til listsköpunar sem eru mikilvæg fyrir grósku og blómlegt menningarlíf. Til að mæta rekstrarvanda þessara staða sótti menningar- og íþróttasvið um viðbótarfjárveitingu að fjárhæð 18 m.kr. sem samþykkt var við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í borgarstjórn 6. desember síðastliðinn..

Lagt er til að sú hækkun skiptist með eftirfarandi hætti á þessa fimm aðila:

	Framlag var:	Framlag verður:	Athugasemd
Dansverkstæðið	17 m.kr.	21 m.kr.	
Heimili kvikmyndanna ses. vegna Bíó Paradísar	18 m.kr.	22 m.kr.	
Kling og Bang ses.	8,5 m.kr.	11,3 m.kr.	
Nýlistasafnið	17,3 m.kr.	21 m.kr.	
Tjarnarbíó	22 m.kr.	25,5 m.kr.	Á móti 3,5 m.kr. framlagi frá ríki

Vakin er athygli á því að nýverið var skrifað undir samning við Tjarnarbíó sem gildir út leikárið 2023 – 2024. Einnig er verið að vinna í úttekt á rekstri leikhússins og þarfagreiningu á aðstöðu sjálfstæðu sviðslistasenuunnar til æfinga og sýninga.



Reykjavíkurborg

Í samræmi við ofangreint eru lagðir fram til staðfestingar endurnýjaðir samningar til þriggja ára við Dansverkstæðið, Heimili kvikmyndanna ses., Kling og Bang ses. og Nýlistasafnið.

Virðingarfyllst,

María Rut Reynisdóttir

María Rut Reynisdóttir
Skrifstofustjóri menningarborgar
Menningar- og íþróttasviði

Samrit:

Hjálagt:

- Samstarfssamningur við Dansverkstæðið 2024 - 2026
- Samstarfssamningur við Heimili kvikmyndanna ses. / Bíó Paradís 2024 - 2026
- Samstarfssamningur við Kling og Bang ses. 2024 - 2026
- Samstarfssamningur við Nýlistasafnið 2024 - 2026

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur, f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og
Dansverkstæðið, kt. 560710- 0700, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Dansverkstæðið sem eru félagasamtök fyrir sjálfstætt starfandi danshöfunda á tímabilinu 1. janúar 2024 til 31. desember 2026.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samstarfssamningi þessum er að styðja við þróun danslistar í Reykjavíkurborg og stuðla að því að skapa vettvang fyrir að greinin geti þróast í borginni. Með Dansverkstæðinu er verið að skapa aðstöðu fyrir danslistina og nauðsynlegt vinnurými á viðráðanlegum kjörum svo að nýjar hugmyndir verði að veruleika.

2. gr. Markmið og starfsemi Dansverkstæðisins

Dansverkstæðið er eini vettvangur sjálfstætt starfandi dansara og danshöfunda, og hefur skapað nýjan og frjóan grundvöll til samstarfs og tengslamyndunar. Í húsnæðinu að Hjarðarhaga 45-47 eru þrjú dansstúdíó sem og góð funda- og skrifstofuaðstaða.

Dansverkstæðið vinnur að því að auka gæði og faglega þróun listdansins með því að þjóna danslistamönnum á breiðum grundvelli. Unnið er að markmiðum með eftirtöldum hætti:

- Vinnuaðstaða fyrir dans- og sviðslistafólk
- Reglulegum þjálfunartímum fyrir atvinnudansara
- Námskeiðum sem tengjast dansi, líkamsþjálfun og líkamsvitund
- Þverfaglegum námskeiðum sem tengja dansara við aðrar listgreinar
- Gestavinnustofum fyrir innlenda og erlenda gestalistamenn
- Virkri þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum
- Aðsetri fyrir fagfélog innan danslistarinnar, líkt og Reykjavík Dance Festival og Félag íslenskra listdansara
- Kynningarstarfi og samskiptum innanlands

Dansverkstæðið opnar rými sín fyrir þátttöku í borgarhátíðum s.s. Menningarnótt og Barnamenningarhátíð. Jafnframt kynnir það danslistina fyrir börnum og fjölskyldum þeirra með námskeiðum og öðrum viðburðum.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Dansverkstæðinu fjárhæðina kr. 21.000.000,- árlega á tímabilinu 2024-2026. Framlaginu er einkum ætlað að standa straum af kostnaði við leigu húsnæðis undir starfsemi Dansverkstæðisins að Hjarðarhaga 45-47 sem er í eigu Reita fasteignafélags hf. Þar eru þrjú dansstúdíó sem og góð funda- og skrifstofuaðstaða. Núverandi samningur við Reiti gildir til ársins 2032.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

Kr. 1.750.000, 1. – 3. hvers mánaðar, janúar – desember

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Dansverkstæðisins nr. 513 - 26 – 42010, kt. 560710-0700.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2025 og 2026 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Ábyrgð

Dansverkstæðið ber ábyrgð á að starfsemi þess fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Dansverkstæðið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Dansverkstæðinu er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Dansverkstæðisins hérlendis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Dansverkstæðið sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Dansverkstæðið birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarborgar á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Dansverkstæðið. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í september ár hvert 2024-2026, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Dansverkstæðisins fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarborgarinnar skal boða til fundanna. Dansverkstæðið skilar þá ársreikningi fyrra árs, gerir grein fyrir rekstri og starfsemi yfirstandandi árs og skilar áætlun um starfsemi komandi árs.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Dansverkstæðið hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengiliður Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Dansverkstæðið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024 er samþykkt var í borgarstjórn þann 5. desember 2023. Samningurinn gildir til 31. des. 2026.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna árána 2025 og 2026. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningurinn er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

María Rut Reynisdóttir

F.h. Reykjavíkurborgar

Tinna Grétarsdóttir

F.h. Dansverkstæðisins

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur, f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Heimili kvikmyndanna ses., kt. 580810-0120, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Heimili kvikmyndanna ses. vegna rekstrar Bíós Paradísar og fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir grunnskólabörn í Reykjavík á tímabilinu 1. janúar 2024 til 31. desember 2026.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samstarfssamningi þessum er að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndafræðslu í Reykjavík, með sýningum á íslenskum heimildar- og kvikmyndum, listrænum alþjóðlegum kvikmyndum og sýningum fyrir nemendur á grunnskólastigi.

2. gr. Markmið og starfsemi Bíós Paradísar

Heimili kvikmyndanna rekur kvikmyndahúsið Bíó Paradís við Hverfisgötu í Reykjavík, sem áður hýsti kvikmyndahúsið Regnbogann. Helstu markmið Bíós Paradísar eru eftirfarandi.

- Vera hjarta kvikmyndamenningar í Reykjavík, aðsetur kvikmyndahátíða og kvikmyndahús sem leggur sérstaka áherslu á að kynna innlendar og erlendar listrænar kvikmyndir með breiða skírskotun til aldurs- og þjóðfélagshópa.
- Vera samvinnuvettvangur sem flestra þeirra sem koma að kvikmyndamálum í landinu og efla samstöðu meðal kvikmyndagerðarfólks, kvikmyndaunnenda, stofnana og félaga á sviði kvikmyndamála og dreifingaraðila kvikmynda.
- Efla mannlíf og kvikmyndamenningu í borginni með því að sérhæfa sig í sýningum á nýjum listrænum kvikmyndum og eldri klassískum kvikmyndum.
- Efla hag íslenskrar kvikmyndamenningar, t.d. með því að sýna íslenskar kvikmyndir og heimildarmyndir reglulega.
- Efla kvikmyndalæsi nemenda og auka áhuga á kvikmyndasögu með því að bjóða nemendum á kvikmyndasýningar á skólatíma, skólum að kostnaðarlausu. Undirbúningur hvers sýningarárs, þar á meðal val kvikmynda og tengd námsgögn, verði unnin í nánú samstarfi Bíó Paradísar og skóla- og fristundasviðs Reykjavíkurborgar og tryggt að sýningar, kynningar og námsefni verði undirbúið af fagfólki.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Heimili kvikmyndanna ses. fjárhæðina kr. 22.000.000 árlega á tímabilinu 2024-2026.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

Kr. 1.833.333, 1. – 3. hvers mánaðar, janúar – desember

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Heimilis kvikmyndanna ses. nr. 0331-13-110317, kt. 580810-0120.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áráanna 2025 og 2026 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Ábyrgð

Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á að starfsemi þess fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Heimili kvikmyndanna ses. er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Bíó Paradísar héraendis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Bíó Paradís sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Bíó Paradís birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarborgar á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Heimili kvikmyndanna ses. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í september ár hvert 2024-2026, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Bíó Paradísar fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarborgarinnar skal boða til fundanna. Heimili kvikmyndanna ses. skilar þá ársreikningi fyrra árs, gerir grein fyrir rekstri og starfsemi yfirstandandi árs og skilar áætlun um starfsemi komandi árs.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Heimili kvikmyndanna ses. hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengiliður Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Heimili kvikmyndanna ses. hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024 er samþykkt var í borgarstjórn þann 5. desember 2023. Samningurinn gildir til 31. des. 2026.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ára 2025 og 2026. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningurinn er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

María Rut Reynisdóttir

F.h. Reykjavíkurborgar

Hrönn Sveinsdóttir

F.h. Heimilis kvikmyndanna ses.

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur, f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Kling og Bang ses., kt.590922-1290 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Kling & Bang ses.
á tímabilinu 1. janúar 2024 til 31. desember 2026.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Kling og Bang er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg, efla vitund almennings um íslenska samtímalist og efla kynningu á henni erlendis með því að styðja við rekstur á framsæknu galleríi, Kling og Bang í Marshallhúsi og starfsemi á þess vegum innan lands og utan.

2. gr. Markmið og starfsemi Kling og Bang

Markmið Kling og Bang er að halda áfram því mikilvæga menningarstarfi sem byggt hefur verið upp innan Kling og Bang frá stofnun þess árið 2003 með sýningahaldi og öflugri fræðslu- og viðburðadagskrá. Kling og Bang verði sem fyrr vettvangur framsækinnna sýninga, lifandi samastaður myndlistarfólks og listunnenda, vettvangur nýútskrifaðs listafólks og lengra kominna erlendra og innlendra listamanna. Kostur gefst á að vera í beinu samtali inn á alþjóðlegan vettvang myndlistarinnar, sem nýst getur íslensku listafólki á ýmsan hátt.

Markmið Kling & Bang er nú sem fyrr að:

- koma á framfæri upprennandi listafólki sem starfar innanlands eða á erlendum vettvangi í bland við alþjóðlega vel þekkt samtímalistafólk.
- skapa faglegt, fræðandi, krefjandi og metnaðarfullt umhverfi fyrir listafólk á Íslandi
- stuðla að fjölbreyttari möguleikumtil sýningahalds í Reykjavík
- opna vettvang fyrir skapandi skoðanaskipti innan myndlistarinnar
- skrásetja myndlistarsögu Reykjavíkur með vönduðum sýningaskrá sýninga í Kling og Bang
- eiga í samstarfi við erlenda sýningarstjóra og gallerí til að eiga greiðari aðgang að erlendu myndlistarfólki
- kynna íslenskt myndlistarfólk erlendis

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Kling og Bang til í beinum fjárframlögum kr. 11.300.000 á ári 2024, 2025 og 2026. Greiðsla framlagsins skiptist þannig árlega:

1. – 3. jan kr. 2.000.000	1. – 3. mars kr. 2.000.000
1. – 3. maí kr. 2.000.000	1. – 3. ágúst kr 2.000.000
1. – 3. okt. kr. 2.000.000	1. – 3. des. kr 1.300.000

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0133-26-007333. Framlag Reykjavíkurborgar vegna ára 2025 og 2026 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlun þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Ábyrgð

Kling og Bang ber ábyrgð á starfsemi gallerísins, fagmennsku þess og gæðum. Kling og Bang ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Kling & Bang er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Kling og Bang, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að það sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir félagið merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarborgar á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Kling og Bang. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september ár hvert 2024, 2025 og 2026 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Kling og Bang að áherslum fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarborgarinnar boðar til fundanna. Kling og Bang skilar þá ársreikningi fyrra árs, gerir grein fyrir rekstri og starfsemi yfirstandandi árs og skilar áætlun um starfsemi komandi árs.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Kling og Bang hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengiliður Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Kling og Bang hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024 er samþykkt var í borgarstjórn þann 5. desember 2023. Samningurinn gildir til 31. des 2026.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningurinn er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

María Rut Reynisdóttir

F.h. Reykjavíkurborgar

Erling Þór Valsson

F.h. Kling og Bang ses.

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur, f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Nýlistasafnið, kt. 551079-1559 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Nýlistasafnið á tímabilinu
1. janúar 2024 til 31. desember 2026.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg, efla vitund almennings um íslenska samtímalist og efla kynningu á henni erlendis með því að styðja við rekstur á framsæknu safni, Nýlistasafninu í Marshallhúsi og starfsemi á þess vegum innanlands og utan.

2. gr. Markmið og starfsemi Nýlistasafnsins

Nýlistasafnið er sjálfseignarstofnun, rekin af samtökum listamanna sem nefnast Fulltrúaráð Nýlistasafnsins og hefur verið rekið óslitið af starfandi myndlistarmönnum. Nýlistasafnið er safn og sýningarstaður, vettvangur uppákoma, umræðna og gjörninga. Það er að auki félagasamtök með verðmæta safneign byggða eingöngu á gjöfum listamanna, félagsmanna og velunnara safnsins. Auk sýninga og viðburða safnar, varðveitir og miðlar Nýlistasafnið heimildum um samtímalistasögu. Safnið er einn mikilvægasti vettvangur samtímalistar á Íslandi og í sífelldum vexti og þróun. Nýlistasafnið er einn af stofnendum og helsti umsjónaraðili Sequences myndlistarhátíðarinnar.

Miðstöð sýninga, gjörninga og viðburða Nýlistasafnsins er í Marshallhúsinu. Safnið heldur úti rannsóknar- og fræðslustarfi í Breiðholti þar sem safneignin sjálf er til húsa, en heimildasöfn safnsins, arkif um listamannarekin rými og gjörninga-arkífið hafa verið flutt í Marshallhúsið. Auk markviss sýningarhalds býður Nýlistasafnið upp á fjölbreytta viðburði, leiðsagnir, móttöku skólahópa, upplestra, vídeóverkakvöld, málstofur og aðrar uppákomur. Í Marshallhúsinu er safnbúð þar sem hægt er að kaupa vandaðar bækur og bókverk af verkum eftir fulltrúa safnsins, árituð sýningaplaköt og póstkort.

Nýlistasafnið er með sérstakan leigusamning við eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Sérstaða safnsins felst meðal annars í að:

- vera vettvangur nýrra strauma og tilrauna í samtímamyndlist í 40 ár
- vera stökkpallur fyrir unga og uppnennandi listamenn
- búa yfir einstakri og verðmætri safneign sem byggist á gjöfum listamanna og sem geymir dýrmætan sögu samtímamyndlistar á Íslandi, frá 1952 til dagsins í dag
- varðveita stærsta safn bókverka á Íslandi
- vera brautryðjandi í því að sýna verk erlendra listamanna á Íslandi og vera leiðandi í kynningu á íslenskri myndlist erlendis

- halda utan um og skrá sögu listamannarekinna rýma á Íslandi
- halda utan um og skrá tímatengda list í heimildasafni um gjörninga á Íslandi
- gefa út rit og bækur sem varpa ljósi á líft rannsakaða anga listasögunnar
- greiða listamönnum fasta þóknun fyrir sýningahald

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Nýlistasafninu til í beinum fjárframlögum kr. 21.000.000 á ári 2024, 2025 og 2026.

Greiðsla framlags skiptist þannig árlega:

Kr. 1.750.000, 1. – 3. hvers mánaðar, janúar – desember

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 515-14-104606, kt. 551079-1559.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2025 og 2026 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Ábyrgð

Nýlistasafnið ber ábyrgð á starfsemi safnsins, fagmennsku þess og gæðum. Nýlistasafnið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Nýlistasafninu er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Nýlistasafnsins héraendis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Nýlistasafnið sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Nýlistasafnið birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarborgar á menningar- og iþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Nýlistasafnið. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í september ár hvert 2024-2026, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Nýlistasafnsins fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarborgarinnar skal boða til fundanna. Nýlistasafnið skilar þá ársreikningi fyrra árs, gerir grein fyrir rekstri og starfsemi yfirstandandi árs og skilar áætlun um starfsemi komandi árs.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Nýlistasafnið hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Nýlistasafnið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykkt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024 er samþykkt var í borgarstjórn þann 5. desember 2023. Samningurinn gildir til 31. desember 2026.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna áranna 2025 og 2026. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningurinn er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

María Rut Reynisdóttir

F.h. Reykjavíkurborgar

Sunna Ástþórsdóttir

F.h. Nýlistasafn